

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 — 1970

9. september 1970.

457

Nr. 90.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, kom í gærkvöldi úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 9. september 1970.

Jóhann Hafstein.

Knútur Hallsson.

23. september 1970.

Nr. 91.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1970.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1970.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört að Bessastöðum, 23. september 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

Stjórnartíðindi A 12, nr. 90—91. Útgáfudagur 28. september 1970.